

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. október 2020 til íbúaráða Reykjavíkurborgar þar sem athygli er vakin á drögum að tillögum að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna stefnu um íbúðabyggð og blandaða byggð. Nánari upplýsingar má nálgast á vef borgarinnar: <https://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur>**

Góðan daginn

Hér með tilkynnist að hafið er kynningarferli á drögum að umfangsmiklum breytingum á aðalskipulagi, sbr. auglýsing hér að neðan. Óskað er eftir því að umsagnir og athugasemdir, ef einhverjar eru, berist fyrir 20. nóvember nk. Sjá gögn á [adalskipulag.is](https://adalskipulag.is).

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

### **Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040**

Drög að umfangsmiklum breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur voru lögð fram í skipulags- og samgönguráði þann 7. október og í borgarráði Reykjavíkur þann 15. október sl. Tillögurnar fela m.a. í sér heildaruppfærslu á stefnu um íbúðarbyggð, skilgreiningu nýrra svæða fyrir íbúðir, stakar breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum, auk þess sem sett eru fram ný megin markmið í völdum málaflokkum. Tillögurnar gera enn fremur ráð fyrir því að tímabil aðalskipulagsins verði framlengt til ársins 2040.

Skipulagstillögurnar, ásamt umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum, hafa verið gerðar aðgengilegar á [adalskipulag.is](https://adalskipulag.is) og sendar til skilgreindra hagaðila. Áformað er að kynna tillögurnar á opnum fundi sem verður auglýstur sérstaklega. Óskað er eftir því að umsögnum og athugasemdum verði komið á framfæri fyrir 20. nóvember nk. Þeir sem óska frekari upplýsinga um málið geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ábendingum og athugasemdum við drögin má koma á framfæri á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) eða skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14.

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)

Deildarstjóri aðalskipulags

Umhverfis- og skipulagssviði

Reykjavíkurborgar

Sent til:

Íbúaráð í öllum borgarhlutum

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Velferðarráð/svið

Skóla-og frístundaráð/svið

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Öldungaráð

Ungmennaráð

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Faxaflóahafnir

Sorpa

Orkuveita Reykjavíkur

Orka náttúrunnar

Veitur

Borgarsögusafn

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH),

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins,

Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjósarheppur, önnur nágrennasveitarfélög

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Minjastofnun Íslands,

Vegagerðin

Samgöngustofa

Isavia

Náttúrufræðistofnun Íslands

Hafrannsóknarstofnun

Orkustofnun

Veðurstofan

Húnsæðis- og mannvirkjastofnunSamtök atvinnulífsins,

Samtök iðnaðarins

Samtök ferðaþjónustunnar

Samtök verslunar og þjónustu

Grænni byggð

Landvernd

Íbúasamtök